



Jarðhitafélag Íslands

Fundargerð aðalfundar

*Haldinn í húsakynnum Orkuveitu Reykjavíkur, Bæjarhálsi 1
Þriðjudaginn 22. apríl 2008, kl. 15:30*

Ólafur G. Flóvenz, varaformaður, opnaði fundinn og flutti honum kveðju Ásgeirs Margeirssonar formanns félagsins, sem staddur var erlendis. Gengið til dagskrár.

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara. Samþykkt dagskrár.

Varaformaður gerði tillögu um Auði Andrésdóttur sem fundarstjóra og Gústaf Adolf Skúlason sem fundarritara og var tillagan samþykkt, sem og dagskrá fundarins. Tók Auður við fundarstjórn.

2. Skýrsla stjórnar um starfsemina á liðnu ári.

Varaformaður flutti skýrslu stjórnar fyrir starfsárið 2007-2008.

3. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar félagsins.

Einar Gunnlaugsson, gjaldkeri félagsins, lagði fram og kynnti endurskoðaða reikninga félagsins fyrir árið 2007. Niðurstaða rekstrarreiknings var neikvæð um kr. 248.870, niðurstaða efnahagsreiknings var jákvæð upp á kr. 2.212.211. Meðal skýringa má geta þess að innheimta félagsgjalda dróst nokkuð fram á árið 2008 og því hafa kr. 613.000 bæst við stöðuna debet megin frá því um áramót. Reikningarnir voru samþykktir.

4. Fram komnar breytingar á samþykktum félagsins.

Engar tillögur um breytingar höfðu komið fram og því ekkert gert undir þessum lið.

5. Lögð fram fjárhagsáætlun næsta árs til samþykktar. Ákvörðun félagsgjalda.

Gjaldkeri kynnti fjárhagsáætlun fyrir árið 2008 þar sem gert er ráð fyrir kr. 1.007.000 í tekjur umfram gjöld. Var hún samþykkt. Þá var samþykkt tillaga um óbreytt félagsgjöld frá fyrra ári, þ.e. kr. 500 fyrir ellilífeyrisþega, kr. 2.500 fyrir aðra einstaklinga og kr. 25.000 fyrir fyrirtæki og stofnanir.

6. Kosning stjórnar. Ennfremur skulu kosnir tveir skoðunarmenn reikninga.

Formaður og þrír aðrir stjórnarmenn voru kosnir til tveggja ára á aðalfundi árið 2006, þ.e. þau Ásgeir Margeirsson, Auður Andrésdóttir, Einar Gunnlaugsson og Ólafur G. Flóvenz. Ásgeir gaf kost á sér til endurkjörs sem formaður og var hann kjörinn einróma. Einar gaf ekki kost á sér til endurkjörs í stjórn en Auður og Ólafur gáfu kost á sér og voru þau kjörin einróma ásamt með Bjarna Pálssyni sem kemur nýr í stjórn í stað Einars Gunnlaugssonar. Áfram sitja jafnframt í stjórn þau Gústaf Adolf Skúlason, Jónas Matthíasson og Ragna Karlsdóttir, sem kosin voru til tveggja ára á aðalfundi félagsins 2007. Loks voru Benedikt Steingrímsson og Gunnar Ingi Gunnarsson einróma kosnir til áframhaldandi starfa sem skoðunarmenn reikninga félagsins.

7. Staðfesting á inngöngu nýrra félaga.

Sjö einstaklingar höfðu óskað eftir inngöngu í félagið frá síðasta aðalfundi og var innganga þeirra allra staðfest af aðalfundi. Nýju félagsmennirnir eru Egill Júlíusson, Magnús Gehringer, Ómar Bjarki Smáráson, Sigurður H. Markússon, Steinar Þór Guðlaugsson, Svanbjörg Helga Haraldsdóttir og Vigdís Harðardóttir.

8. Önnur mál.

Ólafur G. Flóvenz flutti fundarmönnum hvatningu frá Benedikt Steingrímssyni, sem á sæti stjórn tímaritsins Geothermics, þess efnis að íslenskt jarðhitafólk taki á sig rögg við greinaskrif í umrætt tímarit.

Aðalfundi slitið kl. 16:03.

Að loknum venjulegum aðalfundarstörfum kynnti Guðjón Axel Guðjónsson, skrifstofustjóri í iðnaðarráðuneyti, stjórnarfrumvarp um breytingu á lögum á auðlinda- og orkusviði, og svaraði spurningum fundarmanna. Loks voru kaffiveitingar bornar fram að loknu erindi Guðjóns.

sign.

Auður Andrésdóttir

sign.

Gústaf Adolf Skúlason